



Fóstureyðingar 2015

Nýlega voru [tölur um fóstureyðingar](#) 2015 gefnar út á vef Embættis landlæknis. Á sama tíma voru eldri tölur endurskoðaðar og endurútgefnar.

Árið 2015 var gerð 921 fóstureyðing á Íslandi en það eru nokkuð færri aðgerðir heldur en árin á undan. Á árunum 2008-2014 voru framkvæmdar á bilinu 955-981 fóstureyðing hér á landi en þær voru hins vegar í kringum 900 talsins á árunum 2004-2007.

Fóstureyðingar	
Ár	Fjöldi
2000	987
2001	967
2002	900
2003	956
2004	889
2005	868
2006	904
2007	905
2008	959
2009	981
2010	978
2011	970
2012	980
2013	966
2014	955
2015	921

Heilbrigðisumdæmi

Ef fóstureyðingar árið 2015 eru greindar eftir lögheimili kvenna má sjá að nokkur munur var á tíðni fóstureyðinga eftir heilbrigðisumdæmum (tafla 1). Flestar voru þær hjá konum búsettum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, 13 á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri. Fæstar fóstureyðingar voru hins vegar hjá konum á Norðurlandi (7,1 á 1.000 konur 15-49 ára) og á Austurlandi (8,2 á 1.000 konur 15-49 ára). Til saman-


Heilbrigðisumdæmi	Fóstureyðingar á 1.000 konur	Fæðingar á 1.000 konur
Höfuðborgarsvæðið	13,0	51,1
Suðurnes	13,0	55,7
Vesturland	9,4	53,6
Vestfirðir	10,0	46,7
Norðurland	7,1	48,3
Austurland	8,2	65,2
Suðurland	9,2	49,4
Allt landið	11,8	51,5

Tafla 1. Fóstureyðingar og fæðingar 2015 eftir heilbrigðisumdæmum miðað við 1.000 konur (15-49 ára).

burðar voru fæðingar á 1.000 konur á frjósemisaldri flestar hjá konum búsettum á Austurlandi (65,2) og á Suðurnesjum (55,7) en fæstar á Suðurlandi (49,4).

Fóstureyðingar eftir aldri

Sé litið til aldurs þeirra kvenna sem gengust undir fóstureyðingu árið 2015 má sjá að gerðar voru 11,8 aðgerðir á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára). Flestar fóstureyð-



Mynd 1. Fóstureyðingar 2015 miðað við 1.000 konur á hverju aldurskeiði.

Efni:

Fóstureyðingar 2015
Ófrjósemisaðgerðir 2015

bls.

1
2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



10. árgangur. 7. tölublað. Júlí—Ágúst 2016


ingar voru gerðar hjá konum í aldurs-
hópnum 25-29 ára, en 19,8 af hverjum
1.000 konum í þeim aldurshópi fóru í
fóstureyðingu árið 2015 (mynd 1).
Lengst af hafa flestar fóstureyðingar
verið meðal kvenna á aldrinum 20-24
ára en árið 2015 varð breyting þar á. Þá
voru gerðar 18,6 fóstureyðingar miðað
við hverjar 1.000 konur á þeim aldri.

Aðgerðum fækkað hjá þeim yngstu

Árið 2015 gengust 12,5 stúlkur af
hverjum 1.000 á aldrinum 15-19 ára
undir fóstureyðingu en það er nokkuð
lægra tíðni en fimm ára meðaltal árunum
2011-2015 segir til um (13,3). Fóstur-
eyðingum í þessum yngsta aldurshópi
hefur fækkað nokkuð undanfarnir
tuttugu ár (mynd 2). Þannig voru að
meðaltali framkvæmdar 15,1 fóstur-
eyðingar hjá hverjum 1.000 stúlkum á
aldrinum 15-19 ára á árunum 2006-
2010, 18,8 að meðaltali á árunum 2001-
2005 og 21,2 á árunum 1996-2000.

Fyrri fæðingar og fóstureyðingar

Meginhluti þeirra kvenna sem gekkst
undir fóstureyðingu árið 2015 hafði ekki
gengist undir slíka aðgerð áður eða
ríflega 61%. Um 26% átti hins vegar að
baki eina fyrri fóstureyðingu og tæplega
13% tvær eða fleiri. Þá höfðu tæplega
58% þeirra kvenna sem fóru í
fóstureyðingu árið 2015 áður fætt barn



Mynd 2. Aldursbundin tíðni fóstureyðinga 2001-2015.

eða börn.

Meðgöngulengd

Þorri þeirra kvenna sem fóru í fóstur-
eyðingu árið 2015 voru gengnar 12 vikur
eða skemur þegar aðgerð fór fram
(93,8%) en í lögum um fóstureyðingar,
[nr. 25/1975](#), er kveðið á um að fóstur-
eyðing skuli framkvæmd sem fyrst á
meðgöngunni, helst innan 12 vikna
meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing
eingöngu heimil af lækisfræðilegum
ástæðum. Árið 2015 fór um 4,2% að-
gerða fram eftir 13-16 vikna meðgöngu

en tæplega 2% eftir lengri meðgöngu en
16 vikur.

Aðgerðarstaður

Sem fyrr er yfirgnæfandi meirihluti
fóstureyðinga framkvæmdur á kvenna-
deild Landspítala, eða tæplega 91% árið
2015. Næstflestar aðgerðir voru gerðar
á Sjúkrahúsínu á Akureyri (5,6%) og á
Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akra-
nesi (1,6%).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ófrjósemisaðgerðir 2015

[Á árinu 2015 voru framkvæmdar 625
ófrjósemisaðgerðir á Íslandi.](#) Þar af voru
495 aðgerðir gerðar á körlum, 7,2 á
hverja 1.000 karlmenn á aldrinum 25-54
ára en 130 á konum eða 1,9 á hverjar
1.000 konur á sama aldri. Heldur færri
ófrjósemisaðgerðir voru framkvæmdar
árið 2015 heldur en tvö ár þar á undan

en hins vegar voru nokkuð fleiri aðgerðir
gerðar í fyrra heldur en á árunum 2004-
2012. Á Íslandi var ákveðinn toppur
hvað varðar fjölda ófrjósemisaðgerða á
árabílinu 1996-2000 en þá voru fram-
kvæmdar yfir 700 aðgerðir árlega.


Undanfarna áratugi hefur mikil breyting

orðið á hlutfalli karla og kvenna sem
undirgangast ófrjósemisaðgerðir hér á
landi (mynd 1). Tölfræðin sýnir að
ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur
fjölgað jafnt og þétt en á sama tíma
hefur dregið verulega úr slíkum
aðgerðum meðal kvenna á Íslandi. Árið
2015 voru karlmenn ríflega 79% þeirra



10. árgangur. 7. tölublað. Júlí—Ágúst 2016

Ófrjósemisaðgerðir	
Ár	Fjöldi
2000	770
2001	671
2002	662
2003	629
2004	516
2005	565
2006	531
2007	496
2008	520
2009	512
2010	605
2011	582
2012	607
2013	676
2014	642
2015	625



Mynd 1. Ófrjósemisaðgerðir miðað við 1.000 íbúa á aldrinum 25-54.

sem fóru í slíkar aðgerðir en konur tæplega 21%. Til samanburðar var hlutfall karla og kvenna sem fóru í ófrjósemisaðgerð nærri jafnt fyrir áratug en fyrir tveimur áratugum voru ófrjósemisaðgerðir á konum um 86% af heildarfjölda aðgerða.

Ófrjósemisaðgerðir og aldur

Ófrjósemisaðgerðir hafa um langt skeið verið algengastar hjá einstaklingum á aldrinum 35-44 ára. Á það bæði við um karla og konur. Árið 2015 voru gerðar 14 ófrjósemisaðgerðir á hverja 1.000 karlmenn á þessum aldri en 3,4 aðgerðir

á hverjar 1.000 konur á sama aldri.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir